



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Þann 22. júlí 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 17:00.

Á fundinn voru mætt Vigdís Elva Þorgeirsdóttir, Ragnheiður Erla Stefánsdóttir, Davíð Birkir Tryggvason, Eydís Inga Sigurjónsdóttir og Ragnar Rögnvaldsson.

Davíð Birkir Tryggvason ritaði fundargerð.

Oddviti leggur til breytingar á dagskrá fundarins. Lagt var til að fresta umræðu um 3. dagskrárlið til næsta fundar sveitarstjórnar. Engar athugasemdir voru gerðar og taldist tillagan því samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Ráðning sveitarstjóra Sveitarfélagsins Skagastrandar.

Oddviti fer yfir að starf sveitarstjóra var auglýst í júní og bárust alls 16 umsóknir. Sveitarstjórn þakkar öllum umsækjendum fyrir sýndan áhuga á starfinu. Allir fimm fulltrúar sveitarstjórnar hafi tekið virkan þátt í ráðningarferlinu. Eftir mat á umsóknum og að fyrstu viðtölum við umsækjendur loknum hafi Ólaf Þór Ólafssyni einum verið boðið til seinna viðtals og sveitarstjórn hafi verið einhuga um þá ákvörðun. Við ráðninguna fellur tímabundin prókúra staðgengils sveitarstjóra niður og fer sveitarstjóri með prókúru í samræmi við 1. málsl. 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 frá 1. ágúst næstkomandi.

Oddviti bauð fundarmönnum orðið. Engin kvaddi sér hljóðs.

Ráðning og ráðningarsamningur við Ólaf Þór Ólafsson var borin upp til atkvæðagreiðslu.

Ráðningin og ráðningarsamningur var samþykktur með þremur greiddum atkvæðum, tveir greiddu atkvæði á móti ráðningu Ólafs.

Ragnar Rögnvaldsson kvaddi sér hljóðs og óskaði eftir að eftirfarandi bókun minnihlutans yrði skráð til bókar.

Fulltrúar K-listans Fyrir Skagaströnd greiða atkvæði gegn tillögu um ráðningu Ólafs Þórs Ólafssonar í starf sveitarstjóra Skagastrandar.

Ráðning sveitarstjóra er ein mikilvægasta ákvörðun sem sveitarstjórn tekur. Að vandlega ígrunduðu máli teljum við okkur ekki geta stutt þessa ráðningu og greiðum því atkvæði gegn tillögunni. Fulltrúar K-listans hafa ekkert út á ráðningarsamninginn að setja.

Við virðum að meirihluti sveitarstjórnar hafi komist að annarri niðurstöðu og beri ábyrgð á þeirri ákvörðun. Þegar sveitarstjórn hefur tekið endanlega ákvörðun munum við engu að síður eiga faglegt og málefnalegt samstarf við þann sveitarstjóra sem ráðinn verður. Það er okkar skylda sem kjörinna fulltrúa að vinna ávallt að hagsmunum Skagastrandar og íbúa hennar, óháð því hver gegnir embætti sveitarstjóra.

Davíð Birkir Tryggvason kvaddi sér hljóðs og óskaði eftir fundarhlé.

Oddviti samþykkir tillöguna og gert var hlé í 10-15 mínútur á fundi.

VEP
RB
PL
DB



Fundur var settur að nýju og kvaddi Davíð Birkir Tryggvason sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi bókun meirihlutans:

Meirihlutinn bendir á að við ráðningarferli sveitarstjóra hafi allir sveitarstjórnarfulltrúar tekið virkan þátt og fengið aðgang að ráðningarkerfi Hagsvangs. Allir fulltrúar hafi gefið umsækjendum einkunn. Horft hafi verið til stigagjafar við boðun umsækjenda í viðtöl. Fimm umsækjendur hafi í framhaldinu verið boðnir í fyrri viðtöl. Að þeim viðtölum loknum voru allir sveitarstjórnarfulltrúar samþykkir að bjóða aðeins Ólafi Þór Ólafssyni í annað viðtal. Var minnihluta sérstaklega boðið að bjóða fleiri umsækjendum í seinna viðtal þar sem þau höfðu ekki verið viðstödd fyrri viðtal. Það hafi ekki komið aðrar tillögur frá minnihluta né athugasemdir við frammistöðu Ólafs í seinna viðtali. Því telji meirihlutinn örðugt að finna hverjar athugasemdir minnihlutans séu á þessu stigi málsins sem valdi því að kosið sé gegn ráðningu Ólafs.

Meirihlutinn fagnar ráðningu Ólafs og hlakkar til komandi samstarfs.

Fleiri kváðu sér ekki hljóðs.

2. Laun í vinnuskóla.

Oddviti kynnir að við útreikning launa í vinnuskóla sé miðað við launatöflu kjarasamnings Kjalar og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Miðað sé við prósentu af launaflokki 118-1 fyrir 14-16 ára og fullan launaflokk fyrir 17-18 ára.

14 ára 30% af lfl. 118-1 1.087 m/orlofi

15 ára 40% af lfl. 118-1 1.450 m/orlofi

16 ára 50% af lfl. 118-1 1.812 m/orlofi

17-18 ára 100% af lfl. 118-1 3.625 m/orlofi

Oddviti gefur orðið laust. Engin kveður sér hljóðs.

Launataxtar voru bornir upp til atkvæðagreiðslu og samþykktir með fimm greiddum atkvæðum.

Þá vill sveitarstjórn þakka Elínu Ósk Ómarsdóttur sérstaklega fyrir að hafa tekið að sér þetta mikilvæga samfélagslega verkefni að vera flokkstjóri vinnuskólans, þegar útlit var fyrir að ekki tækist að manna stöðuna þetta árið.

3. Laun staðgengils sveitarstjóra.

Dagskrárliðnum var frestað til næsta fundar.

4. Skipun áheyrnarfulltrúa vegna funda velferðarsviðs Húnabyggðar.

Oddviti kynnir að bréf hafi borist bréf barst frá félagsmálastjóra Velferðarsviðs Húnabyggðar þar sem vísað var til Erindisbréfs velferðamefndar. Í bréfinu er tekið fram að sveitarfélagið Skagaströnd tilnefni einn áheyrnafulltrúa og einn til vara með málfrelsi og tillögurétt á fundum velferðamefndar Húnabyggðar þegar til

GR
VEP
KÖ
BA
DÖD



umræðu eru málefni á grundvelli samnings um leiðandi sveitarfélag í félagsþjónustu, sbr. auglýsingu nr. 886/2025.

Oddviti lagði til að Eydís Inga Sigurjónsdóttir verði skipaður áheymarfulltrúi og að Ragnheiður Erla Stefánsdóttir verði varamaður hennar. Aðrar tilnefningar komu ekki fram og teljast þær því rétt kjörnar.

5. Staða matráðs í mötuneyti Höfðaskóla auglýst.

Oddviti fer yfir að tímabundin ráðning matráðs í mötuneyti í höfðaskóla hafi runnið út og var starfið því auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins þann 12. júlí sl.

Lagt var til að sveitarstjóra yrði falið að ganga frá ráðningu í stöðuna, þegar hann tæki við störfum. Tillagan var borin upp til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

6. Lántaka vegna skuldskeytingar á lánum Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

Oddviti fer yfir að unnið hefur verið að því að klára slit byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu A-hún. Liður í því er að skipta láni byggðasamlagsins á milli sveitarfélaganna Húnabyggðar og Skagastrandar. Sveitarfélögin taka ný lán með sömu kjörum og núverandi lán, fyrir sínum hluta hvort, hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Sveitarfélagið Skagaströnd tekur yfir 25,02% af eftirstæðri fjárhæð lánanna.

Þá leggur oddviti til að eftirfarandi bókun verði skráð:

Ákvörðun um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga með veði í tekjum sveitarfélagsins:

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir hér með á fundi sínum að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna skuldskeytingar á lánum Félags- og skólaþjónustu A-Hún hjá Lánasjóðnum sem nemur 25,02% af eftirstæðri fjárhæð lánanna. Lántakan verður með sama lánstíma og vaxtakjörum og núverandi lán Félags- og skólaþjónustu A-Hún og

hefur sveitarstjórnin kynnt sér núverandi skilmála lánasamninga Félags- og skólaþjónustu A-Hún.

Til tryggingar láninu – þ.m.t. höfuðstól, vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum, uppgreiðslugjaldi og öðrum kostnaði – samþykkir sveitarstjórnin að tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, verði veðsettar.

Lánið er tekið til endurfjármagna lán Félags- og skólaþjónustu A-Hún hjá Lánasjóðnum vegna slita á byggðasamlaginu. Um er að ræða verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

Jafnframt er Ólafur Þór Ólafsson, kt. 300572-5379, sveitarstjóra frá 1. ágúst 2026 veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita lánasamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Skagastrandar, sem og til að móttaka, undirrita, gefa út og afhenda öll skjöl, fyrirmæli og tilkynningar sem tengjast lántökunni, þar á meðal beiðni um útborgun láns.

Heimild til skuldskeytingar með nýjum lánum og ofangreind bókun var lögð fram til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "VET", "RÖ", and "DÖD".



7. Bréf

a) Sveitarstjóri Skagafjarðar dags. 1.7.2026

Efni: Málefni slökkviliðs

Oddviti kynnir innihald þess og kynnir að bréfið sé svar við ítrekun sveitarfélagsins við beiðni frá farandi sveitarstjóra. Magnús hafi fundað með Brunavörnum Skagafjarðar varðandi mögulega aðkomu sveitarfélagsins í samræmi við framkomna beiðni frá Sveitarfélaginu Skagaströnd.

Í bréfinu kemur fram að Brunavarnir Skagafjarðar hafi því miður ekki burði, í núverandi fyrirkomulagi, til að taka að sér viðbótarverkefni utan sveitarfélagsins. Hins vegar kom fram að mögulegt væri að skoða samlag um brunavarnir á svæðinu.

Bréfið er lagt fram til kynningar og lagt til að sveitarstjóra verði falið að óska eftir samtali um samstarf við nærliggjandi sveitarfélög.

b) Tónlistarskólinn á Akureyri dags. 10.6.2026

Efni: Greiðslur lögheimilissveitarfélags vegna hljóðfæranáms

Sveitarfélaginu barst bréf frá Tónlistarskólanum á Akureyri vegna fyrirhugaðs hljóðfæranáms Anítu Ýrar Gunnarsdóttur á næsta skólaári. Var með bréfinu óskað eftir greiðslum lögheimilissveitarfélags skv. 3. mgr. 1. gr. sbr. 7. gr. reglna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til eflingar tónlistarnáms og jöfnunar á aðstöðumun nemenda frá 2011.

Lagt er til að beiðnin verði samþykkt og að staðgengli sveitarstjóra verði falið að svara Tónlistarskólanum.

Oddviti lagði tillöguna til atkvæðagreiðslu og var hún samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

c) Samtök orkusveitarfélaga dags. 14.7.2026

Efni: Upplýsingar um starfsemi félagsins

Oddviti leggur bréfið fram til kynningar.

8. Fundargerðir

a) Fundargerð 98. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga dags. 12.6.2026

b) Fundargerð 141. fundar SSNV dags. 6.7.2026

Ofangreindar fundargerðir voru lagðir fram til kynningar.

9. Önnur mál

Oddviti gefur orðið laust.

Ragnar Rögnvaldsson kveður sér hljóðs og óskar eftir að málefni slíppsins verði tekin til umræðu. Þá leggur hann fram eftirfarandi greinargerð:

Handwritten signatures and initials: VEP, RES, RA, DON.



Dráttarbrautin er lykilþáttur í starfsemi slíppsins og nauðsynlegt er að ráðast í lagfæringar á henni sem fyrst. Fyrir liggur að bátar hafa í auknum mæli leitað annað eftir þjónustu og því mikilvægt að bregðast við áður en frekari verkefni tapast. Slíppurinn er mikilvægur innviður fyrir atvinnustarfsemi á Skagaströnd. Samhliða lagfæringum á dráttarbraut er mikilvægt að sveitarstjórn fái heildstæða mynd af stöðu slíppsins, framtíðarmöguleikum hans og þeim aðgerðum sem nauðsynlegar eru til að tryggja áframhaldandi starfsemi. Eðlilegt er að í þeirri vinnu verði einnig skoðað hvaða rekstrarfyrirkomulag þjónar best hagsmunum sveitarfélagsins, atvinnulífsins og þeirra sem nýta þjónustu slíppsins, hvort sem um er að ræða áframhaldandi rekstur með sama fyrirkomulagi og nú er við lýði, samstarf við einkaaðila eða útboð á rekstrinum.

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkir samhljóða, að undangenginni umræðu, að fela Hafnar- og skipulagsnefnd að framkvæma heildstæða úttekt á stöðu slíppsins og leggja fram tillögur um þær framkvæmdir, endurbætur og aðgerðir sem nauðsynlegar eru til að tryggja áframhaldandi starfsemi hans til framtíðar. Sem hluta af þeirri úttekt skuli jafnframt meta kosti og galla þess að bjóða rekstur slíppsins út og leggja fram fyrstu tillögur þar að lútandi til sveitarstjórnar eigi síðar en 31. október nk.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 18:53.

Ragnheiður Ólafsdóttir
Ragnar Rögnvaldsson
David B. Teyggvason
Vigdís Elva Þorgeirsdóttir
Eydis frá Sigríðsdóttir